

## LÖG

### um breytingu á lögum um dómstóla, nr. 15/1998, með síðari breytingum (fjöldi hæstaréttardómara).

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

46. gr. laganna orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 4. gr. skal tala hæstaréttardómara frá 1. september 2015 vera 10 en ekki skal skipa í embætti hæstaréttardómara sem losna eftir 31. desember 2016 fyrir en þess gerist þörf til að ná þeirri tölu sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 4. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 8. júlí 2015.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Bjarni Benediktsson.*